

BBF-2018-02 – Ferðamálahópur Borgarfjarðar – Landvarsla á Víknaslóðum

Verkefnið í heild snýr að því að ráða landvörð til starfa á Víknaslóðum sumar 2019 en Víknaslóðir er eitt vinsælasta göngusvæði Austurlands. Hér er sótt um styrk til að greiða launakostnað landvarðar í 9 vikur sumarið 2019. Þau verkefni sem landvörður tekur að sér það tímabil eru eftirfarandi:

Upplýsingagjöf til gesta og almennt eftirlit, úttekt á gönguleiðum með áherslu á Gönguskarð, setja þarf upp göngubrýr, endurnýja stikur, lagfæra og setja upp nýjar merkingar og færa þarf einstaka göngustíga á svæðum sem liggja undir skemmdum.

Verkefninu var úthlutað 300.000 kr. árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.